

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 273/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Albert Péturssyni og

Péttri Hanssyni

(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Handtaka. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu.

Í hinum áfrýjaða dómi segir frá upphafi afskipta lögregluþjónanna af Indriða Kristni Péturssyni og tildrögum þess, að þeir fóru á eftir honum inn í húsið að Mjölnisholti 4 í Reykjavík. Verður við þá frásögn að miða og að þeir hafi þannig veitt honum eftirför inn í húsið. Þeir voru því þangað komnir í réttmætum erindagerðum samkvæmt 62. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sem þá voru í gildi, sbr. 49. gr. sömu laga, sbr. nú 2. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991. Indriði var með dómi sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1991 dæmdur fyrir brot á 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærðu, Albert Pétursson og Pétur Hansson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 211-212/1992: Ákærvaldið gegn Albert Péturssyni og Pétri Hanssyni, sem tekið var til dóms 30. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst sl., á hendur ákærðu, Albert Péturssyni, Mjólnisholti 4, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1960, fæðingarnúmer 764, og Pétri Hanssyni, sama stað, fæddum 17. ágúst 1939, fæðingarnúmer 307, „fyrir að hafa að kvöldi fimmtudagsins 1. febrúar 1990 í forstofu á heimili ákærðu í félagi ráðist á lögreglumennina Stefán Alfreðsson, Rúnar Oddgeirsson og Þórhall Þráinsson, sem allir eru í lögregluliði Reykjavíkur, og reynt að varna því, að þeir handtækju Indriða Kristin Pétursson, fæddan 1. maí 1959, sem þar hafði ráðist á Stefán, og tók ákærði Albert Stefán hálstaki, en Pétur reyndi að yta lögreglumönnunum út úr húsinu, og urðu lögreglumennirnir að kalla út liðsauka til að handtaka ákærðu og Indriða Kristin, og létu ákærðu ekki af árásunum, fyrr en lögreglumennirnir Rúnar og Stefán höfðu beitt kylfum sínum á þá.

Telst þetta varða við 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærðu halda uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi þeirra krafist sýknu, en til vara, að refsing þeirra verði felld niður. Til þrautavara er þess krafist, að þeir verði dæmdir í vægustu refsingu. Þá er krafist máls-varnarlauna.

Málavextir.

Kl. 22.05 fimmtudaginn 1. febrúar 1990 var lögreglan í Reykjavík kvödd að húsi vagnstjóra SVR við Hlemmtorg vegna ölvaðs manns, er þar olli starfsmönnum óþægindum. Maður þessi var Indriði Kristinn Pétursson, Mjólnisholti 4, og var hann áberandi ölvaður samkvæmt skýrslunni. Hann var færður í lögreglubifreið og boðinn akstur heim, sem hann þá. Síðan segir orðrétt í skýrslunni: „Er þangað var komið, fylgdum við honum að útidrym hússins og aðstoðuðum hann við að ljúka upp dyrunum, þar sem hann átti í erfiðleikum með það sökum ölvunar. Í þann mund, sem dyrnar voru opnaðar, var sem Indriða rynni skyndilega í skap að tilefnislausu. Fór hann þó inn og skellti hurðinni harkalega á eftir sér, opnaði óðar dyrnar

aftur og þreif í lögreglumann nr. 143 og kippti honum inn í forstofu. Reyndi Indriði að skella aftur hurðinni, sem lögreglumaðurinn hélt um, með þeim afleiðingum, að hönd hans lenti á milli stafs og hurðar. Fóru lögreglumenn nr. 192 og 165 til hjálpar inn í forstofuna, og reyndum við allir í sameiningu að hafa hemil á ofstopa Indriða. Var hann orðinn afskaplega æstur og ekki við mælandi. Meðan á þessu stóð, kom bróðir Indriða, Albert, hlaupandi niður stiga og réðst umsvifalaust á lögreglumann nr. 143 og greip hann hálstaki. Því næst kom faðir þeirra bræðra, Pétur, og réðst hann einnig umsvifalaust á okkur.“ Síðan er í skýrslunni lýst átökum, er þarna urðu og lauk með því, að feðgarnir voru yfirbugaðir, handteknir og færðir á lögreglustóð, eftir að liðsauki hafði borist. Skýrsla þessi er gerð af Stefáni Alfreðssyni lögreglumanni, og hefur hann staðfest hana fyrir dómi.

Að lokinni lögreglurannsókn málsins höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur Indriða Kristni fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 15. maí 1991, var hann sakfelldur samkvæmt ákærinni og dæmdur í 60 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, og til að greiða einum lögreglumannanna skaðabætur. Ríkissaksóknari heimilaði, að máli ákærðu í þessu máli yrði lokið með dómsátt, en þeir höfnuðu því.

Lögreglumennirnir þrír, er fluttu Indriða Kristin heim, komu fyrir dóm við rannsókn málsins gegn honum og gáfu skýrslur. Verður nú framburður þeirra reifaður, þá framburður Indriða Kristins og móður hans fyrir dómi og loks framburður ákærðu.

Stefán Alfreðsson lögreglumaður skýrir svo frá, að eftir að Indriða Kristni hafi verið ekið að Mjöllnisholti 4, hafi honum verið fylgt heim að dyrum. Hann hafi átt í erfiðleikum með að opna, en afþakkað aðstoð lögreglumannanna. Hann hafi reiðst við þetta og skellt aftur hurðinni, þegar honum hafði tekist að opna. Lögreglumennirnir hafi snúið við við svo búið, en í því hafi Indriði Kristinn þrifið upp hurðina, gripið í hálsmál Stefáni og þrifið hann inn um dyrnar. Kveðst Stefán hafa hrasað og í fallinu gripið í endann á hurðinni, sem Indriði Kristinn hafi þá skellt aftur, og lenti við það þumalfingur Stefáns á milli stafs og hurðar. Stefán kveður Indriða Kristin hafa reynt að slá sig, en hinir lögreglumennirnir komið sér til aðstoðar. Hann kveður, ákærða Albert hafa komið hlaupandi niður og gripið sig hálstaki, en hann hafi losnað úr því. Þá hafi ákærði Pétur komið og ráðist á lögreglumennina, og kvaðst Stefán hafa séð hann slá Þórhall Þráinsson lögreglumann, svo að gleraugu hans þeyttust af honum. Í framhaldi af þessu hafi hafist átök, sem Stefán kveðst ekki geta lýst í smáatriðum, en Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður hafi náð tökum á ákærða Albert og Þórhallur haft ákærða Pétur í tökum og þá farið út og kallað

eftir aðstoð. Þegar hann kom inn aftur, höfðu ákærðu losnað, en Indriði Kristinn hefði verið að sparka í áttina að andliti Rúnars. Stefán kvað ákærða Pétur hafa reynt að bíta sig, en hann þá tekið upp kylfu og slegið hann tvö högg á hægri upphandlegg. Skömmu síðar hafi borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn verið handteknir og fluttir á lögreglustöð.

Þórhallur Þráinsson var lögreglumaður veturinn 1989 til 1990. Hann ber fyrir dómi, að þegar lögreglumennirnir hafi skilið við Indriða Kristin, hafi hann og Rúnar gengið frá, en Stefán verið aðeins á eftir. Hann kveðst síðan hafa heyrt Indriða Kristin opna dyrnar, heyrt hark og litið við og þá séð Stefán fara inn í húsið, en ekki mundi hann nánar aðdraganda þess. Hann kvað sig og Rúnar hafa farið á eftir Stefáni til aðstoðar og farið inn á gang. Ákærði Albert hafi þá komið hlaupandi niður stiga og ráðist á þá. Stuttu síðar hafi ákærði Pétur einnig komið og ráðist á þá. Hvorugur hinna ákærðu reyndi að fá skýringu á veru lögreglumannanna þarna. Þórhallur kvaðst hafa náð tökum á ákærða Péttri, en Rúnar á ákærða Albert. Stefán hafi farið að kalla eftir aðstoð, eftir að hann hafði verið í átökum við Indriða Kristin. Þórhallur kvað Indriða Kristin hafa reynt að sparka í Rúnar, en ekki sá hann, hvort það tókst, enda kvaðst hann hafa átt fullt í fangi með ákærða Pétur. Þegar Stefán hafi komið til baka, hafi hann og Rúnar beitt kylfum. Eftir að liðsauki barst, höfðu ákærðu og Indriði Kristinn verið yfirbugaðir, ákærði Pétur inni í eldhúsi.

Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður ber fyrir dómi, að þegar lögreglumennirnir voru að ganga frá Mjölnisholti 4, eftir að Indriði Kristinn var kominn inn, hafi hann skyndilega þrifið upp hurðina, gripið í hálsmál Stefáni og kippt honum inn fyrir. Hafi fingur Stefáns orðið á milli stafs og hurðar og Rúnar og Þórhallur komið honum til aðstoðar. Ákærði Albert hafi komið niður stiga, stokkið á Stefán og tekið hann hálstaki, og skömmu síðar hafi ákærði Pétur komið og blandað sér í átökin. Rúnar kvaðst hafa verið í átökum við ákærða Albert og fallið með hann í tökum í gólfið og Indriði Kristinn þá sparkað þrisvar í andlit sér. Þórhallur hafi verið í átökum við ákærða Pétur, en Stefán farið að kalla eftir liðsauka. Þegar hann kom aftur, hefði hann tekið Indriða Kristin og farið með hann. Ákærði Albert hefði losnað og viljað halda áfram átökum, en Rúnar kvaðst þá hafa tekið upp kylfu og barið henni tvisvar til þrisvar á framanvert læri ákærða. Við þetta hefði ákærði róast, enda kvaðst Rúnar hafa staðið yfir honum með kylfuna reidda til höggs. Skömmu síðar hefði borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn þá verið yfirbugaðir.

Indriði Kristinn bar fyrir dómi, að hann hefði verið handtekinn og fluttur heim til sín, eins og rakið hefur verið. Þar kvaðst hann hafa tekið upp lykla sína og reynt að opna, en lögreglumaður tafið fyrir sér. Hann kvað engar stimpingar hafa orðið, og hann hafi sagt lögreglumanninum, að hann

væri einfær um að opna. Það hefði hann gert og farið inn. Hann kvaðst síðan hafa setið í stigaganginum í 20 til 30 mínútur og beðið eftir Birgi, vini sínum. Hann hefði heyrt hann flauta tvisvar fyrir utan og þá opnað dyrnar. Í því hefði birst lögreglumaður og reynt að ryðjast inn, en Indriði Kristinn kvaðst hafa reynt að loka dyrunum, en það ekki tekist. Ekki kvaðst hann hafa orðið þess var, að fingur lögreglumannsins klemmdist. Fleiri lögreglumenn hefðu komið að og ýtt upp hurðinni. Indriði Kristinn kvað bróður sinn hafa komið niður stiga og spurt, hvað gengi á. Þá hefði kylfu verið beint gegn honum, en hann náð að taka um hana. Þá hefði faðir sinn komið og spurt lögreglumennina, hvort þeir vildu ekki koma sér út. Indriði Kristinn kvaðst ekki hafa séð, að gengið væri í skrokk á lögreglumönnum, en þeir hefðu beitt kylfum gagnvart sér og ákærðu. Þá neitaði hann að hafa slegið lögreglumann hnefahögg í andlitið eða sparkað í höfuð öðrum.

Jakóbína Ásbjörg Albertsdóttir, móðir ákærða Alberts og fyrrverandi eiginkona ákærða Péturs, bar fyrir dómi, að hún hefði orðið vör við, að Indriði Kristinn hefði komið inn um aðaldyrnar, lokað þeim og sest í stigann. Um það bil 15 mínútum síðar hefði hann opnað dyrnar aftur, og þá hefði hún heyrt hann kalla á hjálp. Ákærði Albert hefði ekki sinnt því strax. Skömmu síðar hefði hún heyrt gauragang frammi og ákærði Pétur þá farið að athuga, hvað gengi á. Hún hefði líka farið fram til að athuga, hvað gengi á, og þá séð lögreglukonu, sem hefði gert sig líklega til að láta kylfu vaða í andlit Indriða Kristni, þar sem hann lá, en ákærði Albert komið í veg fyrir það. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við, að lögreglumenn yrðu fyrir höggum eða spörkum. Ákærði Pétur hefði ýtt við einum lögreglumanninum og beðið hann kurteislega að fara út. Þá kvað hún tvo lögreglumenn hafa ýtt ákærða Pétri á milli sín og m. a. hent honum á eldhússborð, er hefði brotnað. Jakobína Ásbjörg kvað sér ekki hafa fundist, að ákærðu og Indriði Kristinn væru að ráðast á lögreglumennina, en sér hefði fundist vera um berserksgang af hálfu lögreglumanna að ræða.

Ákærði Pétur bar fyrir dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið inni í stofu að horfa á sjónvarp. Hann kvaðst hafa heyrt hávaða og farið fram og þá séð þrjá lögreglumenn inni, en útidyr verið lokaðar. Tveir lögreglumenn hefðu verið með Indriða Kristin, en einn verið í stimpingum við meðákærða. Ákærði kvaðst hafa spurt, hvað væri að gerast, en ekki fengið nein svör. Hann hefði því opnað útidyrnar og ýtt út öðrum lögreglumanninum, sem hefði verið með Indriða Kristin. Ákærði kvað það hafa verið ætlun sína að koma lögreglumönnum út, enda hefðu þeir ekkert erindi átt inn á heimili sitt. Það hefði hins vegar ekki tekist. Lögreglumönnum hefði borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn verið handteknir, færðir

á lögreglustöð og vistaðir þar til morguns næsta dag. Ákærði kvaðst ekki hafa ráðist á lögreglumennina, heldur hefðu þeir ráðist inn á heimili sitt og hann verið að verja það. Hann kvaðst ekki hafa reynt að hindra það, að þeir handtækju Indriða Kristin, heldur spurst fyrir um, hvað væri að gerast, og þegar hann hefði engin svör fengið, hefði hann brugðist við með því að reyna að koma þeim út. Ákærði kannaðist við, að meðákærði hefði haldið utan um axlir eins lögreglumannanna, sem hefði ógnað honum með kylfu, er hann kom niður stigann.

Ákærði Albert bar fyrir dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið farinn að sofa, er hann hefði heyrt hurð skellt. U. þ. b. 10 mínútum síðar hefði Indriði Kristinn kallað tvisvar, þrisvar á sig, en hann hefði ekki ansað því, fyrr en Indriði Kristinn hefði kallað á hjálp. Þá hefði hann farið fram og litið niður stigann og séð tvo lögreglumenn í anddyrinu. Indriði Kristinn hefði verið í stimpingum við annan þeirra. Ákærði kvaðst hafa spurt lögreglumennina, hvort þeir væru að misþyrma honum, en verið spurður á móti, hvort sér sýndist það, og jafnframt hefði sér verið sagt að vera ekki að skipta sér af þessu. Ákærði kvaðst hafa sagt lögreglumönnum, að þetta væri heimili sitt og að þeir færu ekki með Indriða Kristin nema hafa húsleitar- og handtökuheimild, og þeir þá svarað því til, að það mætti útvega hana. Ákærði kvaðst hafa séð, að annar lögreglumaðurinn hefði ætlað að láta kylfu vaða í Indriða Kristin, og þá náð taki á kylfunni, en lögreglumaðurinn hefði streist á móti, og hefðu þeir stimpast, og í þeim stimpingum kvaðst ákærði hafa tekið utan um hálsinn á lögreglumanninum. Ætlunin hefði verið að koma honum út úr húsinu. Í þessu hefði meðákærði komið og skipað lögreglumönnum út, en þeir neitað því. Meðákærða hefði tekist að henda einum út, en skömmu síðar hefði borist liðsauki og ákærðu ásamt Indriða Kristni verið handteknir og færðir á lögreglustöð. Meðan á átökunum stóð, kvaðst ákærði hafa reynt að ræða við lögreglumennina í því skyni að fá þá út úr húsinu, en það reynt árangurslaust. Hann kvaðst ekki hafa fengið skýringar á því, hvers vegna þeir hefðu verið að eiga við Indriða Kristin.

Niðurstaða.

Eins og að framan var lýst, voru lögreglumenn þeir, sem nefndir eru í ákæru, inni á heimili ákærðu að kvöldi 1. febrúar 1990 og ætluðu að handtaka Indriða Kristin Pétursson. Hann hafði skellt hurð á finger eins lögreglumannanna, og höfðu þeir því fullt tilefni til handtökunnar. Ákærðu komu að, er lögreglumennirnir voru að handtaka Indriða Kristin, sem veitti þeim mótspyrnu. Lögreglumennirnir hafa allir borið, að ákærðu hafi komið og ráðist á þá, er þeir reyndu að handtaka Indriða Kristin. Ákærði Pétur hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ýtt einum lögreglumannanna út, en sá hafi ásamt öðrum verið með Indriða Kristin. Þetta kvaðst hann

hafa gert, eftir að spurningu sinni um, hvað væri að gerast, hefði ekki verið svarað, og kvað hann það hafa verið ætlun sína að koma lögreglumönnunum út. Hann kvað lögreglumennina hafa ráðist inn á heimili sitt og hann verið að verja það, en ekki afstýra því, að þeir handtækju Indriða Kristin. Ákærði Albert hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa gripið um kylfu lögreglumanns, er hafi reitt hana að Indriða Kristni, og síðan stimpast við hann og í þeim stimpingum tekið um háls hans. Hafi ætlun sín verið að koma honum út úr húsinu.

Samkvæmt framansögðu er sannað með framburði lögreglumannanna og að hluta til framburði ákærðu, að ákærðu hafa gerst sekir um að hafa ráðist á lögreglumennina, eins og þeim er gefið að sök í ákæruskjali. Verður ekki annað séð en það hafi verið til þess að koma í veg fyrir, að lögreglumennirnir handtækju Indriða Kristin. Þá er sannað með játningu ákærða Alberts, sem styðst við önnur gögn málsins, að hann hefur tekið Stefán Alfredsson lögreglumann hálstaki og að ákærði Pétur hefur reynt að ýta lögreglumönnunum út úr húsinu. Eins og áður sagði, voru lögreglumennirnir í lögmætum erindum inni í húsinu umrætt kvöld, og þótt fallast megí á það, að ákærðu hafi átt rétt á því, að lögreglumennirnir gerðu grein fyrir veru sinni, þá getur það, að ákærðu fengu að eigin mati ekki fullnægjandi svör við spurningum sínum þar að lútandi, ekki réttlætt viðbrögð þeirra á nokkurn hátt.

Brot ákærðu er rétt fært til refsíákvæðis í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Alberts hefur hann þrisvar verið dæmdur í refsingu vegna brota á umferðarlögum, síðast 1988 30 daga varðhald. Þá hefur hann sex sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, umferðar- og hegningarlagabrot, síðast 1986. Ákærði Pétur var dæmdur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, 1958 fyrir auðgunarbrot og fleira, 1961 í 16 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot og 1962 í tveggja ára fangelsi fyrir sams konar brot. Árið 1975 var hann dæmdur í varðhald fyrir ölvunarakstur. Þá hefur hann fimm sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, síðast 1986. Hæfilegt þykir nú að dæma hvorn ákærðu til að greiða 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og skal tíu daga varðhald koma í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 45.000 kr. auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Albert Pétursson og Pétur Hansson, greiði hvor 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað

sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarslaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 45.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
